

# Ársreikningur 2016

Kynning fyrir fjárfesta  
13. febrúar 2017

# Arion banki – alhliða banki

Bankinn hefur margar stoðir og hóflegan áhættuprófíl

## Viðskiptabanki

- ~ 29% markaðshlutdeild
- Stærsti lánveitandi í búðalána á eftir Íbúðalánasjóði
- Fjölbreytt fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki
- Áhersla á hraðþjónustu – app og netbanka

## Eignastýring

- Í forystu á sviði eignastýringar
- Eignir í stýringu nærri jafn miklar og efnahagur bankans
- Þjónustar fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga

## Fjárfestingarbanki

- Alhliða fjárfestingarbankaþjónusta
- Leiðandi í markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf
- Umsjón með öllum kauphallarskráningum ársins 2015 og 2016 á Íslandi

## Fyrirtækjbanki

- Þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins
- Veitir sérsniðna þjónustu að þörfum viðskiptavina
- Lánveitingar til erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum

# Dótturfélög gegna mikilvægu hlutverki

Arion banki veitir alhliða bankþjónustu

## VALITOR

- Leiðandi á sviði færsluhirðingar og kortaútgáfu
- Með starfsemi á Íslandi, í Danmörku og í Bretlandi
- Hluti af VISA Europe og MasterCard International

## STEFNIR

- Stærsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins
- Þjónustar einstaklinga og fagfjárfesta
- Stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

## okkar

- Leiðandi á sviði líftrygginga
- Áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu
- Samstarf á sviði sölumála við Arion banka

## vörður

- Vörður er fjórða stærsta skaðatryggingafélag landsins með ríflega 10% markaðshlutdeild
- Arion banki gekk frá kaupum á Verði í lok september 2016 í kjölfar samþykkis eftirlitsaðila

# Helstu atburðir ársins 2016

---

Fjárfest í spennandi verkefnum til framtíðar

## Gott ár að baki

- Vaxtatekjur aukast umtalsvert vegna aukinna vaxtaberandi eigna
- Lánveitingar til fyrirtækja aukast um 5,3% og eftirspurn eftir lánnum var umtalsverð
- Sala Valitor á hlut félagsins í Visa Europe Ltd. til Visa Inc. hafði mjög jákvæð áhrif á uppgjör bankans
- Umtalsverðar fjárfestingar í rekstrinum, opnun útibús á Keflavíkurlugvelli, stafræn framtíð og starfsemi Valitor erlendis
- Óhagstæð þróun á verðbréfamörkuðum hafði áhrif á rekstrarniðurstöðu
- Virðisbreyting íbúðalána hefur jákvæð áhrif
- Þóknatekjur dragast saman m.a. vegna færri skráninga í kauphöll og óstöðugleika á markaði
- Aukinn launakostnaður vegna kjarasamninga og fjölgunar starfsfólks

## Kaup og sala – Arion banki eignast Vörð

- Arion banki eignaðist tryggingafélagið Vörð sem er með ánægðustu viðskiptavinina samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni. Eykur þjónustuframboð samstæðunnar enn frekar
- Kolufell selt til Apartnor ehf.
- Dótturfélagið BG12 slhf. seldi 46% hlut sinn í Bakkavor Group Ltd.



# Helstu atburðir ársins 2016

Lánskjör Arion banka á alþjóðlegum lánamörkuðum halda áfram að lækka

## Lánshæfismat hækkar

- Skuldabréfaútgáfa í USD að andvirði 97 milljarðar króna til Kaupþings var liður í að liðka fyrir afnámi gjaldeyrishafta – var greidd niður að 2/3 hlutum á árinu
- Tvær 300 millj. evra skuldabréfaútgáfur til þriggja og fimm ára og lánskjör sem bankanum bjóðast batna stöðugt
- Útgáfa sértryggðra skuldabréfa bankans á árinu nam 24,8 milljörðum króna
- Standard & Poor's hækkaði lánshæfismat Arion banka úr BBB- í BBB með jákvæðum horfum



## Eina nýskráningin í kauphöll

- Arion banki hafði umsjón með skráningu Skeljungu hf. á NASDAQ Íslandi, einu nýskráningu ársins
- Arion banki hefur haft umsjón með rúmlega 60% skráninga í kauphöll á síðustu árum

## Skuldabréfaútgáfa Landsvirkjunar

- Arion banki tók þátt í fjölmynta skuldabréfaútgáfu Landsvirkjunar að fjárhæð USD 200 milljónir á alþjóðlegum bankamarkaði



**Skeljungur**



# Helstu atburðir ársins 2016

Forysta á sviði stafrænna lausna og nýtt útibú á Keflavíkurflugvelli

## Stafrænar lausnir bæta þjónustu og lækka kostnað

- Ný og fljótleg leið til að stofna til bankaviðskipta á netinu
- Staðfest greiðslumat á vef bankans vegna íbúðarkaupa á örfáum mínútum
- Greiðsludreifing á kreditkortareikningi í netbanka og appi á sekúndum

## Nýjungar í greiðslukortum

- Viðskiptavinir bankans fengu nýtt debetkort með snertilausri tækni – Visa Debit
- Nýtt gjaldeyriskort kynnt til leiks fyrir erlenda ferðamenn – fyrirframgreitt alþjóðlegt VISA greiðslukort



## Nýtt útibú á Keflavíkurflugvelli

- Útibú opnað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem áhersla er á gjaldeyrisþjónustu og þjónustu vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts
- Þrjár afgreiðslur eru í flugstöðinni og 13 hraðbankar

## Verðlaun og viðurkenningar

- Euromoney valdi Arion banka sem besta fjárfestingarbankann á Íslandi 2016
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn tilnefndur sem besti lífeyrissjóður Evrópu og fékk hæstu einkunn í árlegri könnun Gallup um viðhorf sjóðsfélaga til lífeyrissjóða



# Helstu atburðir ársins 2016

---

Stuðningur við frumkvöðla frá grunnskóla til atvinnulífs

## Startup Reykjavík besti viðskiptahraðallinn

- Fimmta árið í röð sem Arion banki stendur að Startup Reykjavík og þriðja árið sem Startup Energy Reykjavík var haldið
- Í gegnum viðskiptahraðlana hefur Arion banki fjárfest í 71 sprotafyrirtæki
- Fyrirtæki sem hafa tekið þátt í viðskiptahröðlunum hafa safnað 2,6 milljörðum króna í styrki og hlutafé
- Startup Reykjavík valinn af Nordic Startup Awards besti viðskiptahraðallinn á Íslandi 2016

## Stutt við unga frumkvöðla

- Samstarfssamningur við Unga frumkvöðla á Íslandi, Junior Achievement sem standa fyrir nýsköpunaráttaki fyrir framhaldsskólanema
- Sérstakur fjármáladagur var haldinn í Arion banka í tengslum við Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

## Forritunarkeppnin Fin Tech Party

- Arion banki, fyrstur íslenskra banka, hélt forritunarkeppni og tóku 11 teymi þátt. Teymin sátu við í 30 tíma og forrituðu fjármálalausnir

## Samningur við European Investment Fund

- Arion banki og European Investment Fund undirrituðu samning sem miðar að hagstæðum lánveitingum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja er hyggjast innleiða nýjungar í starfsemi sinni



# Helstu atriði ársins 2016

1 Sterkur bankarekstur í þróttmiklu efnahagsumhverfi

2 Góður árangur í stafrænum lausnum

3 Aukin fjölbreytileiki í fjármögnun

4 Sterk eiginfjárstaða og gott eignasafn

# Lykiltölur 2016

Hagnaður

21.739

m. kr.

2015:  
49.679 m. kr.

Eiginfjár-  
þáttur 1

26,5%

2015:  
22,3%

Kostnaðar-  
hlutfall

57,2%

2015:  
32,3%

Vandræðalán

1,6%

2015:  
2,5%

Arðsemi eigin  
fjár

10,5%

2015:  
28,1%

Vogunar-  
hlutfall

18,0%

2015:  
16,7%

Stöðugildi

1,239

2015:  
1,147

Íbúðalán/  
Heildar útlán

39,2%

2015:  
39,4%

# Rekstrarreikningur

---



# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Góð afkoma í lykilstarfsemi

- Hreinar vaxtatekjur jukust um 11% einkum vegna aukningar á vaxtaberandi eignum
- Hreinar þóknatekjur lækka á milli ára en þróun er hafgellð á fjórða ársfjórðungi
- Hreinar fjármunatekjur byggjast að mestu á hagnaði vegna sölu á eignarhlut Valitor í Visa Europe
- Hækkun á launum einkum vegna kjarasamninga og kostnaðar við uppsagnir
- Jákvæð virðisbreyting á útlánum vegna endurmats á íbúðalánum og bakfærslu á niðurfærslu vegna gengislána til fyrirtækja

	2016	2015	Breyt.	4F 2016	3F 2016	Breyt.
Hreinar vaxtatekjur	29.900	26.992	11%	7.842	7.432	6%
Hreinar þóknatekjur	13.978	14.484	(3%)	3.765	3.466	9%
Hreinar fjármunatekjur	5.162	12.844	(60%)	823	844	(2%)
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	1.395	760	84%	731	272	169%
Hlutdeild í hagnaði hlutteiladarfélaga	908	29.466	(97%)	198	16	-
Aðrar rekstrartekjur	2.096	1.624	29%	431	435	(1%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>53.439</b>	<b>86.170</b>	<b>(38%)</b>	<b>13.790</b>	<b>12.465</b>	<b>11%</b>
Laun og launatengd gjöld	(16.659)	(14.892)	12%	(4.407)	(3.826)	15%
Annar rekstrarkostnaður	(13.881)	(12.919)	7%	(3.803)	(3.349)	14%
Bankaskattur	(2.872)	(2.818)	2%	(682)	(705)	(3%)
Hrein virðisbreyting	7.236	(3.087)	-	409	5.882	(93%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>27.263</b>	<b>52.454</b>	<b>(48%)</b>	<b>5.307</b>	<b>10.467</b>	<b>(49%)</b>
Tekjuskattur	(6.410)	(3.135)	104%	(1.149)	(3.170)	(64%)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatt	886	360	146%	317	206	54%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>21.739</b>	<b>49.679</b>	<b>(56%)</b>	<b>4.475</b>	<b>7.503</b>	<b>(40%)</b>

# Reiknuð afkoma

Fjárhæðir í milljónum króna

## Umtalsverðir einskiptisliðir

	2016	Breyting	Reiknað	
Hreinar vaxtatekjur	29.900	530	30.430	1)
Hreinar þóknunatekjur	13.978	81	14.059	
Hreinar fjármunatekjur	5.162	(4.240)	922	2)
Hreinar tekjur af tryggingum	1.395	0	1.395	
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	908	(912)	(4)	3)
Aðrar rekstrartekjur	2.096	(110)	1.986	4)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>53.439</b>	<b>(4.651)</b>	<b>48.788</b>	
Laun og launatengd gjöld	(16.659)	320	(16.339)	5)
Annar rekstrarkostnaður	(13.881)	1.474	(12.407)	5)
Bankaskattur	(2.872)	0	(2.872)	
Hrein virðisbreyting	7.236	(11.275)	(4.039)	6)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>27.263</b>	<b>(14.132)</b>	<b>13.131</b>	
Tekjuskattur	(6.410)	2.130	(4.280)	7)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	886	0	886	
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>21.739</b>	<b>(12.002)</b>	<b>9.737</b>	

### Helstu breytingar:






- 1) Vaxtatekjur frá dótturfélögum í ótengdri starfsemi teknar út og vaxtatekjur reiknaðar á bókfært verð annarra eigna í ótengdri starfsemi
- 2) Hagnaður af sölu Visa Europe og gengistap af viðskiptum við Seðlabankann í aflandskrónuútboði
- 3) Hagnaður af sölu Bakkavarar Group
- 4) Hagnaður af sölu eigna í Landey
- 5) Kostnaður við uppsagnir á 3F, hluti aðkeyptrar sérfræðipjónustu auk reiknaðs kostnaðar við ótengda starfsemi
- 6) Öll hrein virðisbreyting útlána færð út og 0,58% virðisrýrnun reiknuð á heildarútlán til viðskiptavina
- 7) Tekjuskattsáhrif á reiknaðar breytingar

# Reiknuð afkoma

Fjárhæðir í milljórum króna

Vaxandi eigið fé hefur áhrif á arðsemi

- Eigið fé sem notað er til útreiknings á arðsemi í reglulegri starfsemi hefur aukist um 53% frá 2013
- Lakari afkomu 2016 má einkum rekja til lægri fjármunatekna af verðbréfaeign og auknum rekstrarkostnaði sem rekja má til vaxtar í starfsemi samstæðunnar og almennra kostnaðarhækkana
- Vaxtamunur er stöðugur og jákvæð þróun í hreinum vaxtatekjum og hreinum þóknatekjum endurspeglar sterkan tekjugrunn bankans
- Einskiptiskostnaður er að miklu leyti vegna uppsagna í lok september og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu
- Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki eru taldir hluti af áframhaldandi starfsemi þar sem yfirvöld hafa ekki boðað að þeir verði lækkaðir í náninni framtíð






# Hreinar vaxtatekjur

Fjárhæðir í milljórum króna

## Vaxtamunur eykst þrátt fyrir hærri fjármagnskostnað

- Stöðugur vaxtamunur hefur náðst með ábyrgri stefnu í útlánum og virkri lausafjárstýringu þrátt fyrir hærri kostnað við fjármögnun en gæði fjármögnunar hafa batnað verulega
- Hækkun á hreinum vaxtatekjum vegna aukinna vaxtaberandi eigna
- Meðal vaxtaberandi eignir á árinu voru 950 ma. kr. sem er 6% hækkun frá fyrra ári
- Hærri vaxtagjöld af annarri fjármögnun vegna nýrrar skuldabréfaútgáfu bæði innanlands og á alþjóðlegum mörkuðum




# Hreinar þóknanatekjur

Fjárhæðir í milljórum króna

## Sterkur þóknanagrunnur í mikilli samkeppni

- Góður árangur viðskiptabankasviðs og áhrif af nýju útibúi á Keflavíkurlflugvelli komin inn í aðrar þóknanatekjur
- Vöxtur á veltu í erlendri starfsemi heldur áfram hjá Valitor sem er vaxtarfyrirtæki
  - Velta í færsluhirðingu hefur 17 faldast í krónum talið síðan 2013
  - Verulegur hluti tekna Valitor er í erlendri mynt og styrking krónunnar hefur neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins
  - Framlegð hefur einnig lækkað hjá Valitor sem hefur áhrif á afkomu af kortastarfsemi
- Fjárfestingarbankasvið sá um eitt hlutafjárútboð á árinu en þrjú á árinu 2015. Sviðið var einnig í umsvifamiklu starfi fyrir Arion banka en tekjur af því starfi koma ekki fram í samstæðu
  - Umsjón með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum
  - Umsjón með sölu eigna
  - Umsjón með eignasafni

Hreinar þóknanatekjur






# Hreinar fjármunatekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Einskiptishagnaður af hlutabréfum hefur veruleg áhrif á afkomu

- Hlutaabréfaeign lækkaði á árinu, einkum vegna sölu á eignarhlut í Visa Europe og öðrum skráðum og óskráðum hlutabréfum
- Við yfirtökuna á Verði í lok þriðja ársfjórðungs hækkaði skuldabréfaeign um 4,5 ma.kr. og hlutaabréfaeign um 4,2 ma.kr.
- Þróun á íslenskum hlutaabréfamarkaði var óhagstæð 2016. OMXI8 lækkaði um 9,0% á árinu
- Krónan hélt áfram að styrkjast á árinu sem orsakaði gengistap í dóttur-félögum






# Rekstrarkostnaður

Fjárhæðir í milljónum króna

## Áskorun að lækka kostnaðarhlutfallið

- Aukning í launum og launatengdum gjöldum vegna útvíkkunar á starfsemi bankans, með opnun stórs útibús á Keflavíkurflugvelli, með auknum umsvifum í Valitor og með tilkomu tryggingafélagsins Varðar í samstæðuna á 4. ársfjórðungi. Þá höfðu nýir kjarasamningar í ársbyrjun mikil áhrif sem og kostnaður við uppsagnir í lok september
- Aðkeypt sérfræðiþjónusta, markaðskostnaður og kostnaður við upplýsingatækni eykst verulega í samanburði við fyrra ár en bankinn hefur tekið stór skref í átt til stafrænnar framtíðar
- Kostnaðarhlutfall er sveiflukennt, ekki síst vegna stórra einkiptistekjuliða





# Skattar

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki hafa veruleg áhrif

- Tekjuskattshlutfall á Íslandi er 20%
- Fjármálafyrirtæki borga til viðbótar eftirfarandi skatta:
  - 6% viðbótar tekjuskatt á skattstofn umfram 1 ma. kr.
  - Sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki sem er 0,376% af skuldum yfir 50 ma. kr.
  - Fjársýsluskatt sem er 5,5% af launum starfsmanna



# Efnahagsreikningur

---



# Efnahagsreikningur

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Sterkur og einfaldur efnahagur

- Áhersla á lánveitingar og langtímafjármögnun á árinu 2016
- Styrking krónunnar á árinu lækkar erlend útlán bankans í krónum talið og þar með vöxt útlána milli ára
- Stöðugri innlánagrunnur eftir afléttingu hafta og í kjölfar samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf.
- Bankinn hefur verið virkur í fjármögnun bæði innanlands og erlendis á árinu
- Víkjandi lán frá íslenska ríkinu greitt upp fyrirfram á árinu
- Sterk lausafjár- og eiginfjárstaða

Eignir	2016	2015	2014	2013	2012
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	88	48	21	38	30
Útlán til lánastofnana	80	87	109	102	101
Útlán til viðskiptavina	712	680	648	636	567
Verðbréfaeign	117	133	102	87	138
Fjárfestingareignir	5	8	7	29	29
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	1	27	22	18	7
Aðrar eignir	32	27	26	30	30
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.036</b>	<b>1.011</b>	<b>934</b>	<b>939</b>	<b>901</b>

### Skuldir og eigið fé

Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	8	11	23	28	33
Innlán frá viðskiptavinum	412	469	455	472	449
Aðrar skuldir	65	62	61	58	59
Lántaka	339	256	201	205	195
Víkjandi skuldir	-	10	32	32	34
Eigið fé	211	193	161	140	127
Hlutdeild minnihluta	0	9	2	5	4
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.036</b>	<b>1.011</b>	<b>934</b>	<b>939</b>	<b>901</b>


# Lán til viðskiptavina

Fjárhæðir í milljórdum króna

Heilbrigður vöxtur útlána og lánabók styrkist enn

- Áfram gott jafnvægi milli lána til fyrirtækja og einstaklinga
- Aukning í útlánnum til viðskiptavina bæði einstaklinga og fyrirtækja
- Styrking krónunnar dregur að hluta til úr aukningu útlána
- Mikil eftirspurn eftir útlánnum til fyrirtækja. Hörð samkeppni á íbúðalánamarkaði, einkum við lífeyrissjóði
- Góð dreifing milli atvinnugreina í útlánnum til fyrirtækja


Lán til viðskiptavina



Lán til viðskiptavina (%)



Vandræðalán (%)



# Skuldir og eigið fé

Fjárhæðir í milljörðum króna


## Fjölbreytt fjármögnun og hagstæður endurgreiðsluferill

- Í janúar var gert samkomulag við Kaupþing ehf. um fjármögnun þar sem innstæðum í erlendum gjaldmiðlum hjá Arion banka og lánum í erlendri mynt hjá Seðlabanka var breytt í 7 ára EMTN skuldabréf í USD. Heildar fjárhæðin var 747 millj. USD en 489 millj. USD voru endurgreiddar á árinu


- Í apríl gaf bankinn út nýtt 3ja ára skuldabréf að fjárhæð 300 millj. evra og 5 ára að fjárhæð 300 millj. evra í nóvember. Viðskipti með bréfin á eftirmarkaði hafa verið hagstæð sem og með önnur bréf útgefin af Arion banka

- Bankinn gaf út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 24,8 milljarða króna á árinu


Fjármögnun



Endurgreiðsluferill langtímafjármögnunar



Skuldir og eigið fé 31.12.2016 (%)






# Eiginfjárgrunnur

Fjárhæðir í milljórum króna


## Sterkur eiginfjárgrunnur býður upp á ýmsa möguleika

- Engin arðgreiðsla á árinu 2016 að ósk meirihluta eigenda bankans
- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi á undanförunum árum
- Bankinn notar staðalaðferð við útreikning á áhættuvegnum eignum
- Áhættuvegnar eignir lækka vegna lægri gjaldeyris-óþafnaðar, lækkun á stöðu bankans í hlutdeildarfélagum og hlutabréfum og lækunar á lánsloforðum
- Víkjandi lán myndaði eiginfjárbátt 2 fram til 30. júní sl. Það var greitt upp í lok september. Eiginfjárbáttur 2 í árslok er almenn niðurfærsla bankans á útlánum, sem aftur á móti lækkar Eiginfjárbátt 1



# Eigið fé


## Eiginfjórþuppbygging og kröfur (%)



- Eiginfjárútreikningar bankans byggja á CRDIV/CRR. Innleiðingin á Basel III leiðir til þess að áhættuvegnar eignir hækka, að öðru óbreyttu, en á móti kemur að almenna niðurfærsla bankans er nú hluti af eiginfjárþætti 2

- Á 4F 2017 munu samanlagðar kröfur um eiginfjáráuka vera 8,4% miðað við núverandi áhættusnið bankans. Krafan getur hækkað lítillega með viðurkenningu FME á eiginfjáráukum erlendra ríkja
- Niðurstaða könnunar og matsferlis (e. SREP) gefur til kynna kröfu um 20,7% eigið fé, að meðtöldum fullinnleiddum eiginfjáráukum
- Að teknu tilliti til 1,5% innri varúðarauka var viðbótar eigið fé bankans um 37 ma. kr. þann 31. desember 2016

### Eiginfjáráaukar fyrir kerfislega mikilvæga banka á Íslandi (%)




\*Á einungis við innlendar áhættuvegnar eignir

# Sjóðstreymi

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Áhersla á fjármögnun endurspeglast í sjóðstreymi




- Bankinn hefur verið mjög virkur í fjármögnun á árinu, ný fjármögnun á árinu var 63 ma. kr.
- Á meðal fjárfestingahreyfinga flokkast salan á Bakkavör Group fyrir 27 ma.kr. og einnig kaupin á Verði fyrir 5,3 ma.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar eru annars vegar 9 ma.kr. uppgreiðsla á víkjandi láni og hins vegar 9 ma.kr. greiðsla til eigenda minnihluta í BG 12 slhf.
- Miklar breytingar án sjóðstreymisáhrifa vegna samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf. í upphafi árs

# Horfur og kennitölur




# Helstu kennitölur á ársfjórðungum


Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Vandræðalán\* (%)




Hlutfall lána á móti innlánnum (%)  
 Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)



Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




\* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánnum til viðskiptavina

# Helstu kennitölur


Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)



Gjaldeyrisjöfnuður (ma.kr.)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)



# Þróun lykilmælikvarða

Fjárhæðir í milljóðum króna


### Hreinar vaxtatekjur




### Hreinar þóknatekjur



### Rekstrarkostnaður



### Hagnaður tímabilsins



	2016	2015	2014	2013	2012	4F 2016	3F 2016	2F 2016	1F 2016	4F 2015
<b>Rekstur</b>										
Hreinar vaxtatekjur	29.899	26.992	24.220	23.800	27.142	7.842	7.431	7.353	7.273	6.705
Hreinar þóknatekjur	13.977	14.485	13.309	11.223	10.748	3.764	3.467	3.527	3.219	3.758
Rekstartekjur	53.439	86.170	53.649	44.025	49.249	13.790	12.465	15.224	11.959	36.057
Rekstrarkostnaður	30.540	27.812	26.699	25.072	24.412	8.209	7.175	7.958	7.198	8.739
Hagnaður	21.739	49.677	28.595	12.657	17.056	4.477	7.503	6.876	2.883	24.283
Arðsemi eigin fjár	10,5%	28,1%	18,6%	9,2%	13,8%	8,6%	14,4%	13,3%	5,7%	51,6%
Vaxtamunur	3,1%	3,0%	2,8%	2,9%	3,4%	3,2%	3,1%	3,1%	3,1%	2,9%
Arðsemi eigna	2,1%	5,0%	3,0%	1,4%	1,9%	1,7%	2,9%	2,7%	1,1%	10,0%
Kostnaðarhlutfall	57,2%	32,3%	49,8%	56,9%	49,6%	59,5%	57,6%	52,3%	60,2%	24,2%
Kostnaður/heildareignir	3,0%	2,9%	2,9%	2,8%	2,8%	3,2%	2,8%	3,2%	2,9%	3,5%
<b>Efnahagur</b>										
Heildareignir	1.036.024	1.011.043	933.735	938.849	900.675	1.036.024	1.038.479	1.035.003	1.028.606	1.011.043
Útlán til viðskiptavina	712.422	680.350	647.508	635.774	566.610	712.422	715.907	713.136	694.004	680.350
Íbúðalán	298.971	284.784	282.045	266.168	195.273	298.971	294.954	289.707	285.886	284.784
Vandræðalán	1,6%	2,5%	4,4%	6,3%	12,5%	1,6%	2,0%	1,9%	2,1%	2,5%
Áhættuvegnareignir / heildareignir	72,7%	79,9%	74,5%	76,8%	73,0%	72,7%	73,2%	71,8%	71,5%	79,9%
Eiginfjárbáttur 1	26,5%	23,4%	21,8%	19,2%	19,1%	26,5%	25,5%	26,8%	26,2%	23,4%
Vogunarlutfall	18,0%	16,7%	15,4%	14,5%	-	18,0%	17,4%	18,1%	17,3%	16,7%
Lausafjárlutfall	171,3%	134,5%	174,0%	123,0%	-	171,3%	194,1%	179,8%	153,4%	134,5%
Lán móti innlánum	172,9%	145,0%	142,3%	134,7%	126,3%	172,9%	165,7%	168,6%	160,2%	145,0%

# Horft til framtíðar

Arion banki starfar í góðu og vaxandi hagkerfi

Vöxtur á lánasafni verður í takt við undirliggjandi vöxt í efnahagslífinu

Áhersla verður á stafrænar lausnir til að bæta þjónustu við viðskiptavini og lækka kostnað

# Horft til framtíðar

Áframhaldandi áhersla á vöxt þóknunatekna

Bankinn mun skoða hagræðingu á eigin fé, með arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum

## Fyrirvari

---

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

**Frekari upplýsingar:**

Haraldur Guðni Eiðsson

Forstöðumaður samskiptasviðs

[haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is)